



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur var haldinn á Teams þann 7. janúar 2025 kl.17:00

Mætt voru Guðrún Hildur Þórðardóttir, Svala Svavarsdóttir, Kristján Jóhannes Pétursson, Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir og Bjarney Láru Bjarnadóttir.

1. Sambandsstjóri setti fundinn kl.17:00
2. Farið var yfir kjör íþróttamanneskju ársins, hver eru tilnefnd.
Fimm tilnefningar bárust frá aðildarfélögum og átta frá almenningi. Valnefnd velur efstu tíu sem fara áfram í atkvæðagreiðslu til þeirra sem hafa atkvæðisrétt.
3. Hvatningarverðlaun – farið yfir þær tilnefningar sem bárust og ákveðið að Guðjón Guðmundsson hljóti hvatningarverðlaun UMSB í ár. Fær glerstyttu með áletrun og gjafabréf í sjóböðin í Hvammsvík.
4. Landsliðsviðurkenningar
Veittar verða viðurkenningar fyrir val í lokahópa yngri og A-landsliða.
5. Ferðastyrksumsóknir – umsóknir og afgreiðsla
Ein umsókn barst, umsóknin uppfyllti öll skilyrði og hlaut Sigursteinn Ásgeirsson styrk að upphæð 100.000 krónur.
6. Önnur mál
Ákveðið var að hafa aukaúthlutun úr Afrekssjóði UMSB fyrir efstu þrjú sætin í kjöri íþróttamanneskju ársins og landsliðssæti í samráði við stjórn sjóðsins.

Fundi slitið kl.18:12